

Miðvikudaginn 1. nóv. 1933.

Nr. 25/1933. **Magnús Jónsson**

gegn

borgarstjóra Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi máls þessa bað um frest til janúarmánaðar næstkomandi til þess að afla nauðsynlegra upplýsinga í málinu. Umboðsmaður stefnda mótmælti öllum fresti, krafðist frávisunar á málinu og stefnda dæmdar ómaksbætur.

Áfrýjunarstefnan í máli þessu hefir verið útgefin 11. marz þ. á., og var málið tekið fyrir í réttinum í maimánuði og var því þá frestað til októbermánuðar samkvæmt ósk áfrýjanda, en þar sem áfrýjandi hefir ekki enn lagt fram ágríp dómsgerða í málinu, verður frekari frestur eigi veittur og ber því að vísa stefnunni frá hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda ómaksbætur, er ákveðast 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu visast frá hæstarétti. Áfrýjandi, Magnús Jónsson, greiði stefnda, borgarstjóra Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs, 30 kr. í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.
